

## **81. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 14. nóvember 2017.**

### **Fundargerð**

#### **Fundurinn haldinn á Egilsstöðum og hófst kl. 12:30**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS), Sveinn Jónsson (SJ)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð. Stjórnendateymi Austurbrúar kom inn á fundinn undir fimmta lið; Anna Alexandersdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Signý Ormarsdóttir.

#### **Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 80
2. SSA – samningur og verkefnastjórn
3. Byggðastofnun - samningur
4. Flugvallarverkefni - staða mála
5. Fjárhagsáætlun 2018
6. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 80

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 80.

### 2. SSA

Í samræmi við samþykkt á aðalfundi SSA þá hefur verið unnin drög að nýjum samningi á milli Austurbrúar og SSA þar sem núverandi samningar sem eru tveir eru sameinaðir í einn samning. Stjórn samþykkir samningsdrögin af hálfu Austurbrúar og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

Stjórn Austurbrúar staðfestir að Jóney Jónsdóttir taki við sem verkefnisstjóri SSA tímabundið til eins árs.

### 3. Byggðastofnun

JÁÐ fór yfir drög að nýjum samningi til fimm ára við Byggðastofnun ásamt þeim upplýsingum sem borist hafa varðandi nýja reiknireglu. Framkvæmdastjóra er falið að koma ábendingum stjórnar á framfæri við Byggðastofnun í tengslum við áframhaldandi vinnslu nýs samnings.

Stjórn Austurbrúar samþykkir viðauka við samning undirritaðan 24. október 2016 vegna verkefnisins brothættar byggðir. Framkvæmdastjóra er falið að undirrita samninginn.

### 4. Flugvallaverkefni

JÁÐ fór yfir stöðu mála og ýmsa anga þess verkefnis s.s. flugþróunarsjóð, kynningarmál, innanlandsflug o.fl.

## 5. Fjárhagsáætlun 2018 – Tekju- og launaáætlun

*Stjórnendateymi Austurbrúar kom inn á fundinn undir þessum lið*  
Farið var yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun og forsendur tekju- og launaáætlunar. Stjórnendateymi falið að vinna áfram að áætluninni á grundvelli umræðna á fundinum. Fjárhagsáætlunin kemur aftur fyrir stjórn í desember.

Tekið var fyrir erindi frá Brú varðandi uppgjör og útreikninga tengt lífeyrisskuldbindingu. Framkvæmdastjóra er falið að leita eftir frekari upplýsingum um forsendur útreikninga.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn þann 12. desember í Neskaupstað. Fundi slitið kl. 14:30

---

Jón Björn Hákonarson

---

Sigrún Blöndal

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Sæunn Stefánsdóttir